

3. bekkur náttúrugreinar

Kennarar: Guðný Maja Riba Pétursdóttir; Inna Holoyad

Lýsing

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 1.-4. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

Markmið

Skólaárið 2019-2020

Markmið:

Að nemendur:

- Kynnist eðli og eiginleikum lofta.
- Átti sig á hvað einkennir lifandi verur og hvað þær þurfa til að lifa.
- kynnist sólkerfinu okkar.
- Þekki uppbyggingu jarðarinnar.

Námsefni

Komdu og skoðuðu himingeiminn, ýmsar handbækur og myndbönd um dýr m.a. úr myndaflokknum Náttúran í nýju ljósi.

<https://mms.is/namsefni/natturan-i-nyju-ljosi>

Komdu og skoðuðu landnámið

Æsa og Gauti í sveitinni

Valdar sögur, ljóð og fræðsluefni í samræmi við hugmyndafræði Byrjendalæsis

Kennsluaðferðir

- Útikennsla,
- Vettvangsferðir,
- Umræður,
- Umhverfisskoðun (inni og úti),
- Einstaklings-, para- og hópavinna,
- Tjáning,
- Fræðslu- og heimildarmyndir.

- Samþætting við byrjendalæsi.

Námsmat

- Verkefnavinna
- Símat
- Umsagnir.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Geta til aðgerða

- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.

Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.

Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.